

Samstarfssamningur Háskóla Íslands (HÍ) og Landspítala (LSH)

Aðilar samnings þessa eru Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039 og Landspítali (LSH), kt. 500300-2130, sem er háskólasjúkrahús skv. lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Háskóli Íslands starfar skv. lögum um háskóla nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008. Löggin eru nánar útfærð í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og ýmsum sérreglum sem háskólaráð setur.

Gildistaka þessa samnings er háð samþykki háskólaráðs og framkvæmdastjórnar LSH.

Þessi samningur tekur við af samstarfssamningi aðila frá 3. desember 2012 sem framlengdur var til 31. desember 2018.

1. Tilgangur

Tilgangur samstarfssamnings HÍ og LSH er:

- Að tryggja árangursríka samvinnu HÍ og LSH við þróun og stöðugar umbætur í kennslu-, vísindastarfi og nýsköpun í heilbrigðisfræðum með því að skapa umgjörð og sérhæfða aðstöðu fyrir þau svið HÍ sem byggja kennslu, þjálfun og rannsóknir á efnivið og starfsemi háskólasjúkrahússins.
- Að styðja og efla LSH sem háskólasjúkrahús, þar sem þjónusta, menntun og vísindi eru samofin í daglegu starfi.

2. Samskipti og stjórnun

2.1 Yfirstjórn

Rektor HÍ og forstjóri LSH bera sameiginlega ábyrgð á samningi þessum. Yfirmenn vísindadeildar og menntadeildar LSH fara með daglega umsjón akademískra málefna á spítalanum í umboði viðeigandi framkvæmdastjóra. Deildarforsetar háskóladeilda gegna því hlutverki af hálfu HÍ í samráði við forseta Heilbrigðisvísindasviðs (HVS).

Tryggja ber gott upplýsingaflæði innan HÍ og LSH um þau verkefni og viðfangsefni sem í gangi eru á hverjum tíma.

2.2 Stýrihópur

Aðilar mynda sameiginlegan stýrihóp, sem hefur það hlutverk að:

- Móta stefnu í sameiginlegum málefnum HÍ og LSH og framfylgja henni.
- Hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa samnings sem og sérsamninga sem byggja á honum.
- Móta stefnu um námsframboð sem krefst aðstöðu á LSH.
- Stuðla að nánun samstarfi í vísindum og nýsköpun.
- Stýrihópur getur eftir atvikum sett á fót vinnuhópa um afmörkuð verkefni.

Stýrihópur er skipaður fjórum fulltrúum frá hvorum aðila. Forstjóri LSH og rektor HÍ stýra starfi hópsins. Þeir skipa þrjá fulltrúa frá hvorum aðila í stýrihópinn og varamenn þeirra. Varamenn skulu vera virkir í starfi stýrihópsins.

Frá HÍ: Háskólarektor, forseti Heilbrigðisvísindasviðs HÍ (HVS), forseti Læknadeildar og forseti Hjúkrunarfræðideildar. Háskólarektor skipar þrjá varamenn.

Frá LSH: Forstjóri LSH og þeir framkvæmdastjórar sem eru ábyrgir fyrir akademískum málefnum f.h. forstjóra, þó ekki fleiri en þrír. Forstjóri skipar þrjá varamenn.

Stýrihópur heldur fundi að jafnaði á átta vikna fresti og oftast ef þurfa þykir. Komi upp ágreiningur í stýrihóp skal honum vísað til rektors HÍ og forstjóra LSH til úrlausnar.

2.3 Aðkoma HÍ að framkvæmdastjórn LSH

Rektor HÍ, eða fulltrúi hans, á seturétt á þeim fundum á vegum framkvæmdastjórnar LSH sem fjalla um akademísk málefni sérstaklega. Um slíka fundi skal upplýsa á ofangreindum fundum stýrihóps. Að jafnaði skal forseti HVS vera fulltrúi rektors HÍ gagnvart LSH. Varamaður forseta HVS skal vera sá deildarforseti sem gegnir hlutverki varamanns sviðsforseta HVS hverju sinni.

2.4 Aðkoma LSH að stjórn Heilbrigðisvísindasviðs HÍ

Forstjóri LSH, eða fulltrúi hans, á seturétt á háskólaþingi og á öðrum þeim fundum á vegum rektors HÍ sem fjalla um akademíska starfsemi á LSH. Um slíka fundi skal upplýsa á ofangreindum fundum stýrihóps. Að jafnaði, skal sá framkvæmdastjóri (-stjórar) sem fer með akademísk mál fyrir hönd forstjóra LSH, vera fulltrúi LSH gagnvart HÍ. Varamenn framkvæmdastjóra hvað þetta hlutverk varðar, skulu vera yfirmenn vísindadeildar, menntadeildar eða formaður vísindaráðs.

Að auki skal framkvæmdastjóri lækninga á LSH eiga seturétt á deildarfundi læknadeildar og framkvæmdastjóri hjúkrunar á LSH, eiga seturétt á deildarfundi hjúkrunarfræðideildar.


3. Gildistími og endurskoðunarákvæði


Fylgiskjöl með samstarfssamningi þessum eru hluti samningsins.

Komi upp ágreiningur um túlkun einstakra þátta samnings þessa skal honum skotið til stýrihóps til umfjöllunar og úrskurðar. Samningurinn kemur til endurskoðunar ef forsendur samningsaðila breytast vegna nýrrar lagasetningar, breytinga á gildandi reglum, eða verulegum breytingum í fjármögnun HÍ og/eða LSH.

Samningurinn gildir í fimm ár frá undirritun og hefur verið samþykktur af háskólaráði HÍ og framkvæmdastjórn LSH. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum með samþykki samningsaðila. Endurskoðun samningsins hefst ári fyrir lok gildistíma hans.

Reykjavík, 13. desember 2018


Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands


Páll Matthíasson
forstjóri Landspítala